

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2014/EES/31/01		Auglýsing stjórnvalda í Noregi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Auglýst eftir umsóknum um leyfi til olíuvinnslu á norska landgrunninu – Úthlutun leyfa á fyrirframskilgreindum svæðum árið 2014	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2014/EES/31/02		Mál höfðað 13. janúar 2014 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi (Mál E-4/14) . .	3
2014/EES/31/03		Mál höfðað 13. janúar 2014 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi (Mál E-5/14) . .	3
2014/EES/31/04		Mál höfðað 14. janúar 2014 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi (Mál E-6/14) . .	4
2014/EES/31/05		Mál höfðað 14. janúar 2014 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Konungsríkinu Noregi (Mál E-7/14)	5
2014/EES/31/06		Mál höfðað 20. janúar 2014 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi (Mál E-8/14) . .	6
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2014/EES/31/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7137 – EDF/Dalkia en France)	7
2014/EES/31/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7202 – Lenovo/Motorola Mobility)	8
2014/EES/31/09		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7238 – American Express Company/Qatar Holding/GBT)	9

2014/EES/31/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7247 – Fresenius SE & CO/Sistema JSFC/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2014/EES/31/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7260 – CPPIB/G&M/Enagás/Tecgas) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2014/EES/31/12	Ríkisaðstoð – Ítalía – Málsnúmer SA.35842 (2014/C) (áður 2012/NN) – Endurgjald til CSTP vegna almannaþjónustukvaða – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	12
2014/EES/31/13	Ríkisaðstoð – Ítalía – Málsnúmer SA.35843 (2014/C) (áður 2012/NN) – Endurgjald til Buonotourist vegna almannaþjónustukvaða – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	12
2014/EES/31/14	Ríkisaðstoð – Slóvenía – Málsnúmer SA.37792 (2014/C) (áður 2013/N) – Áætlun um endurskipulagningu Cimos d.d. – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	13
2014/EES/31/15	Ríkisaðstoð – Ítalía – Málsnúmer SA.32953 (2014/C) (áður 2014/NN – áður 2011/CP) – Ríkisaðstoðarráðstafanir í þágu Trenitalia SpA – Málsnúmer SA.32179 (2014/C) (áður 2014/NN – áður 2010/CP) – Ríkisaðstoðarráðstafanir í þágu Trenitalia SpA og FS Logistica SpA – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	13
2014/EES/31/16	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Breyting á almannaþjónustukvöðum í tengslum við áætlunarflug – Svíþjóð (Arvidsjaur – Stokkhólmur/Arlanda; Gällivare – Stokkhólmur/Arlanda; Hemavan – Stokkhólmur/Arlanda; Lycksele – Stokkhólmur/Arlanda; Östersund – Umeå-flugvöllur; Pajala – Luleå-flugvöllur; Sveg – Stokkhólmur/Arlanda; Vilhelmina – Stokkhólmur/Arlanda)	14
2014/EES/31/17	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við	16
2014/EES/31/18	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 932/2012 frá 3. október 2012 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun þurrkara til heimilisnota og framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 392/2012 frá 1. mars 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar þurrkara til heimilisnota (Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samhæfðra staðla samkvæmt samhæfingarlöggjöf Sambandsins)	21

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Auglýsing stjórnvalda í Noregi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni

2014/EES/31/01

Auglýst eftir umsóknum um leyfi til olíuvinnslu á norska landgrunninu – Úthlutun leyfa á fyrirframskilgreindum svæðum árið 2014

Norska olíu- og orkumálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um leyfi til olíuvinnslu í samræmi við ákvæði staflíðar a) í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni.

Vinnsluleyfi verða aðeins veitt hlutafélögum og einkahlutafélögum sem eru skráð í Noregi eða öðru ríki sem á aðild að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði (EES-samningnum) og einstaklingum sem hafa lögheimili í ríki sem á aðild að EES-samningnum.

Fyrirtæki, sem eru ekki þegar handhafar leyfa til vinnslu á norska landgrunninu, kunna að fá vinnsluleyfi ef þau fullnægja fyrirfram öllum kröfum fyrir því að fá leyfi til vinnslu á norska landgrunninu.

Ráðuneytið mun gæta jafnræðis milli fyrirtækja óháð því hvort þau sækja um sjálfstætt eða sem hluti fyrirtækjahóps. Umsækjendur, sem senda sjálfstæða umsókn, og umsækjendur, sem tilheyra hópi sem sendir sameiginlega umsókn, teljast allir umsækjendur um vinnsluleyfi. Ráðuneytið áskilur sér rétt til að setja saman leyfishópa á grundvelli hópumsókna og sjálfstæðra umsókna, m.a. að víkja umsækjendum úr umsóknarhópi og bæta við sjálfstæðum umsækjendum, og skipa slíkum hópum rekstraraðila.

Þegar úthlutað er sameiginlegu vinnsluleyfi er hlutaðeigandi leyfishöfum skylt að gera með sér samning um olíuvinnslu, meðal annars rekstrarsamning og bókhaldssamning. Ef vinnsluleyfi er skipt eftir jarðlögum er viðkomandi leyfishöfum einnig skylt að gera með sér sérstakan rekstrarsamning sem segi til um samskipti þeirra að því er þetta atriði varðar.

Við undirritun þessara samninga verður til sameiginlegt fyrirtæki leyfishafa og skal eignarhlutur hvers þeirra um sig jafnan vera sama hlutfall og hlutur þeirra í vinnsluleyfinu.

Leyfisgögnin verða fyrst og fremst byggð á samsvarandi gögnum frá úthlutun á þegar afmörkuðum svæðum 2013. Stefnt er að því að kynna atvinnugreininni helstu breytingar á reglunum áður en umsóknarfrestur rennur út.

Viðmið sem ráða úthlutun vinnsluleyfa

Til þess að stuðla að góðri auðlindanýtingu og skjótri og skilvirkri olíuleit og olíuvinnslu á norska landgrunninu, meðal annars með tilliti til samsetningar leyfishópa, verða eftirtalin viðmið lögð til grundvallar við úthlutun aðildar að vinnsluleyfum og við skipun rekstraraðila:

- a) Þekking umsækjanda á jarðfræði landsvæðisins sem um ræðir og hvernig leyfishafar hyggjast bera sig að til að stuðla að árangursríkri olíuleit.
- b) Tæknileg sérþekking umsækjanda á viðkomandi sviði og hvernig þessi sérþekking getur stuðlað að hagkvæmri olíuleit, og eftir atvikum olíuvinnslu, á landsvæðinu sem um ræðir.
- c) Reynsla umsækjanda af starfsemi á norska landgrunninu eða reynsla af samsvarandi starfsemi annars staðar.

- d) Að umsækjandi hafi fjárhagslegt bolmagn til að stunda olíuleit, og eftir atvikum olíuvinnslu, á landsvæðinu sem um ræðir.
- e) Ef umsækjandi er eða hefur verið aðili að vinnsluleyfi, er ráðuneytinu heimilt að taka tillit til hvers kyns óskilvirkni eða skorts á ábyrgðarskyldu sem umsækjandi hefur sýnt af sér sem leyfishafi.
- f) Til þess að unnt sé að veita sameiginlegum fyrirtækjum vinnsluleyfi er meginreglan sú að einn leyfishafi að minnsta kosti hafi borað að minnsta kosti eina holu á norska landgrunninu eða hafi reynslu af samsvarandi starfsemi utan norska landgrunnsins.
- g) Til þess að unnt sé að veita tveimur eða fleiri leyfishöfum vinnsluleyfi sameiginlega er meginreglan sú að einn þeirra að minnsta kosti hafi reynslu af því tagi sem lýst er í staflið f).
- h) Rekstraraðili, sem er skipaður í tengslum við leyfi til vinnslu í Barentshafi, verður að hafa borað að minnsta kosti eina holu á norska landgrunninu eða hafa samsvarandi reynslu af starfsemi utan norska landgrunnsins.
- i) Rekstraraðili, sem er skipaður í tengslum við leyfi til vinnslu á miklu dýpi, og að minnsta kosti einn annar leyfishafi verður að hafa borað að minnsta kosti eina holu á norska landgrunninu eða hafa samsvarandi reynslu af starfsemi utan norska landgrunnsins. Einn aðili að vinnsluleyfinu verður að hafa borað á miklu dýpi.
- j) Rekstraraðili, sem er skipaður í tengslum við leyfi til vinnslu, þar sem könnunarborun fer fram undir miklum þrýstingi og/eða við háan hita (HPHT), og að minnsta kosti einn annar leyfishafi verður að hafa borað að minnsta kosti eina holu á norska landgrunninu eða hafa samsvarandi reynslu af starfsemi utan norska landgrunnsins. Einn aðili að vinnsluleyfinu verður að hafa borað holu þar sem þrýstingur er mikill og/eða hiti hár.

Leitarsvæði sem eru laus til umsóknar

Laust er til umsóknar svæði á norska landgrunninu sem afmarkað hefur verið fyrirfram vegna þessarar úthlutunarlotu. Tekið verður við umsóknum um aðild að vinnsluleyfum fyrir leitarsvæði á afmarkaða svæðinu sem ekki hefur verið úthlutað áður, svo og leitarsvæði og leitarsvæðisskika á afmarkaða svæðinu sem fyrri leyfishafar skila áður en umsóknarfrestur rennur út.

Heildartexta auglýsingarinnar, ásamt nákvæmum kortum af lausum svæðum, er að finna á vefsíðu Olíustofnunar, www.npd.no/apa2014 en einnig má leita til olíu- og orkumálaráðuneytisins í síma +47 22 24 62 09.

Umsóknir um leyfi til olíuvinnslu skulu berast á eftirfarandi pósthfang:

Olje- og energidepartementet
Postboks 8148 Dep.
NO-0033 Oslo
Norge

Tvö eintök skulu berast á eftirfarandi pósthfang:

Oljedirektoratet
Postboks 600,
NO-4003 Stavanger
Norge

Umsóknarfrestur: 2. september 2014 kl. 12 á hádegi.

Úthlutun leyfa til olíuvinnslu á norska landgrunninu í úthlutunarlotu á þegar afmörkuðum svæðum 2014 fer fram eigi síðar en 90 dögum eftir birtingu auglýsingar eftir umsóknum og er stefnt að úthlutun í árslok 2014/ársbyrjun 2015, þó eigi síðar en 30. mars 2015.

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Mál höfðað 13. janúar 2014 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi

2014/EES/31/02

(Mál E-4/14)

Hinn 13. janúar 2014 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Gjermund Mathisen og Auður Ýr Steinarsdóttir, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi, með því að setja ekki eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki tafarlaust um ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina sem um getur í 4. lið XXIX. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/23/EB frá 23. maí 2007 um að setja á markað flugeldavörur), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, upp í íslensk lög vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 21. gr. þeirrar gerðar og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins.
2. Ísland greiði málskostnað.

Lagagrundvöllur, málsvik og lagarök til stuðnings dómkröfunum:

- Í stefnu Eftirlitsstofnunar EFTA kemur fram að Ísland hafi ekki, fyrir 26. ágúst 2013, farið að rökstuddu álitum Eftirlitsstofnunar EFTA frá 26. júní 2013 um að hafa látið hjá líða að taka upp í íslensk lög tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/23/EB frá 23. maí 2007 um að setja á markað flugeldavörur („gerðina“), sem um getur í 4. lið XXIX. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn.
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 21. gr. gerðarinnar og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins með því að setja ekki eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki um ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina upp í lög innan tilskilins tíma.

Mál höfðað 13. janúar 2014 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi

2014/EES/31/03

(Mál E-5/14)

Hinn 13. janúar 2014 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Xavier Lewis, Auður Ýr Steinarsdóttir og Catherine Howdle, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi, með því að i) setja ekki eða ii) tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki tafarlaust um ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina sem um getur í lið 32ff í V. kafla XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og niðurfellingu tiltekinna tilskipana), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, upp í íslensk lög, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 40. gr. þeirrar gerðar og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins.
2. Ísland greiði málskostnað.

Lagagrundvöllur, málsvik og lagarök til stuðnings dómkröfunum:

- Í stefnu Eftirlitsstofnunar EFTA kemur fram að Ísland hafi ekki, fyrir 26. ágúst 2013, farið að rökstuddu álitum Eftirlitsstofnunar EFTA frá 26. júní 2013 um að hafa látið hjá líða að taka upp í íslensk lög tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og niðurfellingu tiltekinna tilskipana („gerðina“), sem um getur í lið 32ff í V. kafla XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn.
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 40. gr. gerðarinnar og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins með því að setja ekki eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki um ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina upp í lög innan tilskilins tíma.

Mál höfðað 14. janúar 2014 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi**2014/EES/31/04****(Mál E-6/14)**

Hinn 14. janúar 2014 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Gjermund Mathisen og Auður Ýr Steinarsdóttir, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi, með því að setja ekki og/eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki tafarlaust um ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina sem um getur í 5. lið XXIX. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/43/EB frá 4. apríl 2008 um að koma á, samkvæmt tilskipun ráðsins 93/15/EBE, kerfi til að auðkenna og rekja sprengiefni til almennra nota), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, upp í íslensk lög innan tilskilins tíma, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins.
2. Ísland greiði málskostnað.

Lagagrundvöllur, málsvik og lagarök til stuðnings dómkröfunum:

- Í stefnu Eftirlitsstofnunar EFTA kemur fram að Ísland hafi ekki, fyrir 3. september 2013, farið að rökstuddu álitum Eftirlitsstofnunar EFTA frá 3. júlí 2013 um að hafa látið hjá líða að taka upp í íslensk lög tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/43/EB frá 4. apríl 2008 um að koma á, samkvæmt tilskipun ráðsins 93/15/EBE, kerfi til að auðkenna og rekja sprengiefni til almennra nota („gerðina“), sem um getur í 5. lið XXIX. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn.
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 15. gr. gerðarinnar og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins með því að setja ekki og/eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki um ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina upp í lög innan tilskilins tíma.

Mál höfðað 14. janúar 2014 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Konungsríkinu Noregi 2014/EES/31/05
(Mál E-7/14)

Hinn 14. janúar 2014 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Konungsríkinu Noregi; í fyrirsvari eru Xavier Lewis og Gjermund Mathisen, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að Noregur hafi, með því að fella ekki úr gildi ákvæði í landsrétti sem kveða á um að greiða þurfi fullt skráningargjald fyrir vélknúin ökutæki, sem eru leigð og eru með erlend skráningarnúmer, sem einstaklingar með fasta búsetu í Noregi flytja inn til Noregs, án þess að einstaklingurinn eigi rétt á neins konar undanþágu eða endurgreiðslu, þegar hvorki er ætlunin að ökutækið verði að mestu notað í Noregi til frambúðar né að það verði í raun notað á þann hátt, vanefnt skuldbindingar sínar sem leiða af 36. gr. EES-samningsins.
2. Konungsríkið Noregur greiði málskostnað.

Lagagrundvöllur, málsvik og lagarök til stuðnings dómkröfunum:

- Í norski lögjöf er kveðið á um að greiða verði að jafnaði fullt skráningargjald fyrir bifreiðar, sem eru leigðar og eru með erlend skráningarnúmer, sem einstaklingar með fasta búsetu í Noregi flytja tímabundið til landsins, frá þeirri stundu að þær eru notaðar í Noregi. Eftirlitsstofnun EFTA telur að þetta brjóti í bága við meginregluna um frjálst flæði þjónustu. Stofnunin telur að Noregur hafi fram til þessa látið hjá líða að samþykkja nauðsynleg lagaákvæði til að tryggja að farið sé að 36. gr. EES-samningsins.
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram, meðal annars, að 36. gr. EES-samningsins útiloki beitingu landslaga sem hindra þjónustuveitanda, án málefnalegra ástæðna, í að nýta sér það frelsi.

Mál höfðað 20. janúar 2014 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi
(Mál E-8/14)

2014/EES/31/06

Hinn 20. janúar 2014 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Xavier Lewis og Maria Moustakali, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi, með því að setja ekki og/eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki tafarlaust um ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina sem um getur í 27. lið XVIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/38/EB frá 6. maí 2009 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjasamstæðum, er starfa á Bandalagsvísu, varðandi upplýsingamiðlun til starfsmanna og samráð við starfsmenn (endurútgefin)), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2010, upp í íslensk lög innan tilskilins tíma, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins.
2. Ísland greiði málskostnað.

Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings dómkröfunum:

- Í stefnu Eftirlitsstofnunar EFTA kemur fram að Ísland hafi ekki, fyrir 26. ágúst 2013, farið að rökstuddu álitu Eftirlitsstofnunar EFTA frá 26. júní 2013 um að hafa látið hjá líða að taka upp í íslensk lög tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/38/EB frá 6. maí 2009 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjasamstæðum, er starfa á Bandalagsvísu, varðandi upplýsingamiðlun til starfsmanna og samráð við starfsmenn (endurútgefin) („gerðina“), sem um getur í 27. lið XVIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn.
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 16. gr. gerðarinnar og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins með því að setja ekki og/eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki um ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina upp í lög innan tilskilins tíma.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7137 – EDF/Dalkia en France)

2014/EES/31/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. maí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Electricité de France S.A. („EDF“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í fyrirtækjunum Dalkia France, Dalkia Investissement og öðrum dótturfélögum Dalkia í Frakklandi („önnur dótturfélög Dalkia Holding“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - EDF: raforkuframleiðsla og -heildsala, flutningur, dreifing og afhending rafmagns, önnur tengd þjónusta og, að minna leyti, framleiðsla og heildsala og smásala á gasi í Frakklandi og erlendis og meðhöndlun úrgangs í Frakklandi
 - Dalkia France og önnur dótturfélög Dalkia Holding: umsýsla með fjarhitun og kælingu, fjóltækni umsýsluþjónusta til að bæta orkunýtingu bygginga og iðnaðarhúsnæðis (uppsetning á samtengdum varmaorku- og orkuverum, umsýsla með miðstöðvarhitun og loftræstikerfum í byggingum, viðhald iðnaðarhúsnæðis) í Frakklandi, götulýsing í Frakklandi og erlendis, meðhöndlun úrgangs í Frakklandi
 - Dalkia Investissement: raforku- og varmaorkuframleiðsla í Frakklandi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 157, 24. maí 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7137 – EDF/Dalkia en France, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7202 – Lenovo/Motorola Mobility)

2014/EES/31/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. maí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kínverska fyrirtækið Lenovo Group Limited („Lenovo“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu Motorola Mobility Holdings LLC („Motorola Mobility“). Lenovo mun aðeins eignast takmarkaðan hluta einkaleyfasafns Motorola Mobility.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Lenovo: borð- og fartölvur, vinnustöðvar, vefþjónar, geymsludrif, hugbúnaður fyrir upplýsingatækniútsýslu og farsímar og annar farbúnaður, svo og þjónusta á sviði upplýsingatækni
 - Motorola Mobility: farsímar og annar farbúnaður
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 157, 24. maí 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7202 – Lenovo/Motorola Mobility, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7238 – American Express Company/Qatar Holding/GBT)

2014/EES/31/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. maí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandarísku fyrirtækin American Express Company og Juweel Investors Limited, sem lúta að fullu yfirráðum katarska fyrirtækisins Qatar Holding LLC, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu GBT III B.V.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - American Express Company: þjónustufyrirtæki á sviði greiðslu- og kreditkorta, ásamt því að veita ferðatengda þjónustu um heim allan
 - Juweel Investors Limited: félag með sérstakan tilgang sem lýtur yfirráðum Qatar Holding LLC
 - Qatar Holding LLC: eignarhaldsfélag fjárfestinga sem var stofnað af Qatar Investment Authority, ríkisfjárfestingarsjóði Katars. Qatar Holding LLC fjárfestir á alþjóðamarkaði í bæði óskráðum og skráðum félögum, svo og í öðrum beinum fjárfestingum
 - GBT III B.V.: eignarhaldsfélag viðskiptaferðaeiningar American Express Company með skrifstofur í um 140 löndum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 163, 28. maí 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7238 – American Express Company/Qatar Holding/GBT, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7247 – Fresenius SE & CO/Sistema JSFC/JV)

2014/EES/31/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. maí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Fresenius Kabi Deutschland GmbH, dótturfélag í óbeinni einkaeigu þýska fyrirtækisins Fresenius SE & Co. KGaA („Fresenius“), og rússneska fyrirtækið Sistema JSFC („Sistema“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í nýstofnuðu, sameiginlegu fyrirtæki, Fresenius Kabi Binnopharm GmbH & Co. KG („Fresenius Kabi Binnopharm“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Fresenius: fyrirtækjasamsteypa á sviði heilbrigðisþjónustu, stundar þróun, markaðssetningu og sölu á lyfjum og tækni á sviði innrennslis, inngjafar og næringar í lækningaskyni, með áherslu á blóðskilunarmeðferð, sjúkrahúsmeðferð og umönnun sjúklinga í heimahúsum um heim allan
 - Sistema: fjárfestingarsamsteypa sem fjárfestir í hlutafé í fyrirtækjum á sviði fjarskipta, olíu, raforku, neytendavara, hátækni, m.a. í líftækni og lyfjum, og í öðrum framleiðslugreinum, einkum í Rússneska sambandsríkinu
 - Fresenius Kabi Binnopharm: framleiðir og dreifir lyfjavörum, bóluferni gegn lifrabólgu B og fjölda líftæknilyfja, svo og lausnum á sviði innstreymis og blóðlíkis, innrennslisnæringar og næringar til inntöku og krabbameinsmeðferðar með samheitalyfjum í Rússneska sambandsríkinu og í Samveldi sjálfstæðra ríkja
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 164, 29. maí 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7247 – Fresenius SE & CO/Sistema JSFC/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7260 – CPPIB/G&M/Enagás/Tecgas)

2014/EES/31/11

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. maí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem perúska fyrirtækið Graña y Montero, S.A.A. („G&M“), spænska fyrirtækið Enagás S.A. („Enagás“) og kanadíska fyrirtækið Canada Pension Plan Investment Board („CPPIB“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu óbein yfirráð í kanadíska fyrirtækinu Tecgas Inc. („Tecgas“) og Compañía Operadora de Gas del Amazonas S.A.C. („COGA“), perúsku dótturfélagi Tecgas. Tecgas er nú í óbeinni eigu CPPIB.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - G&M: perúskt fasteigna- og byggingarfyrirtæki með starfsemi á fjórum sviðum: i) verkfræðivinna og byggingarstarfsemi, ii) rekstur eigna í grunnvirkjum, iii) þróun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis og iv) tækniþjónusta, m.a. þjónusta við framleiðendur jarðolíu, þjóðvegaviðhald, rekstur veitustofnana og þjónusta við raforkuframleiðendur
 - Enagás: sjálfstæður rekstraraðili flutningskerfis, rekur flutningsnet fyrir jarðgas á Spáni
 - CPPIB: umsýslufélag fjárfestinga sem fjárfestir í skráðum og óskráðum félögum, fasteignum, grunnvirkjum og gerningum með fasta ávöxtun fyrir hönd Canada Pension Plan
 - Tecgas og COGA: selja jarðgas og reka flutningsleiðslur fyrir fljótandi jarðgas, ásamt því að sinna viðhaldi, í Perú
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 157, 24. maí 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7260 – CPPIB/G&M/Enagás/Tecgas, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ríkisaðstoð – Ítalía**2014/EES/31/12****Málsnúmer SA.35842 (2014/C) (áður 2012/NN) – Endurgjald til CSTP vegna
almannaþjónustukvaða****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti
Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum á Ítalíu, með bréfi dagsettu 20. febrúar 2014, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágrip þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB (C 156, 23.5.2014, bls. 39). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Registry
Rue de la Loi/Wetstraat, 200
B-1049 Brussels
BELGIUM

Bréfasími: +32 22961242

Netfang: stateaidgreffe@ec.europa.eu

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld á Ítalíu. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð – Ítalía**2014/EES/31/13****Málsnúmer SA.35843 (2014/C) (áður 2012/NN) – Endurgjald til Buonotourist vegna
almannaþjónustukvaða****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti
Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum á Ítalíu, með bréfi dagsettu 20. febrúar 2014, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

